



Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2024

MSS24110006

Beiðni um lausn úr starfi sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að borgarráð samþykki beiðni Helga Grímssonar um lausn frá starfi sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar frá og með 1. janúar 2025. Helgi var skipaður í starfið með samþykkt borgarráðs og ráðning hófst 1. október 2015. Helgi hefur þegið tímabundið starf í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf Helga Grímssonar – Beiðni um lausn úr starfi sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, dags. 18. október 2024.



Reykjavík

Reykjavík, 18.10.2024

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri
Ráðhús Reykjavíkur

Erindi: Beiðni um lausn úr starfi sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Ég undirritaður, Helgi Grímsson, óska með erindi þessu eftir lausn úr starfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar en ég var skipaður í starfið með samþykkt borgarráðs og ráðning hófst 1. október 2015.

Ástæða lausnarbeiðninnar er að ég hef þegið tímabundið starf í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Ég óska eftir að láta af störfum 31. desember 2024.

Við þetta tilefni vil ég þakka kærlega fyrir það traust sem ég hef notið í starfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og gott og gæfuríkt samstarf við kjörna fulltrúa og samstarfsfólk hjá Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson